

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 136/2019

frá 8. maí 2019

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 86. gr. og 98. gr.,

að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Rétt er að auka umfang samstarfs aðilanna að EES-samningnum svo það taki til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1475 frá 2. október 2018 um lagaramma um Evrópsku samstöðusveitina og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1288/2013, reglugerð (ESB) nr. 1293/2013 og ákvörðun nr. 1313/2013/ESB ⁽¹⁾.
- 2) Því ber að breyta bókun 31 við EES-samninginn til samræmis við það svo hið aukna samstarf geti hafist frá 1. janúar 2019.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á bókun 31 við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er bætt við í mgr. 2n í 4. gr.:

„, breytt með:

- **32018 R 1475:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1475 frá 2. október 2018 (Stjtið. ESB L 250, 4.10.2018, bls. 1).“

2. Eftirfarandi málsgrein er bætt við á eftir mgr. 2n í 4. gr.:

„2o. EFTA-ríkin skulu frá og með 1. janúar 2019 taka þátt í eftirfarandi áætlun:

- **32018 R 1475:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1475 frá 2. október 2018 um lagaramma um Evrópsku samstöðusveitina og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1288/2013, reglugerð (ESB) nr. 1293/2013 og ákvörðun nr. 1313/2013/ESB (Stjtið. ESB L 250, 4.10.2018, bls. 1).“

Liechtenstein og Noregur eru undanþegin þátttöku og fjárframlögum til þessarar áætlunar.“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 250, 4.10.2018, bls. 1.

3. Eftirfarandi kemur í stað 3. mgr. 4. gr.:

„EFTA-ríkin skulu greiða framlag, í samræmi við a-lið 1. mgr. 82. gr. samningsins til þeirra áætlana og aðgerða sem vísað er til í 1. og 2. mgr. og mgr. 2a, 2b, 2c, 2d, 2e, 2f, 2g, 2h, 2i, 2j, 2k, 2l, 2m, 2n og 2o.“

4. Eftirfarandi er bætt við d-lið 8. mgr. 10. gr.:

„, breytt með:

- **32018 R 1475**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1475 frá 2. október 2018 (Stjtið. ESB L 250, 4.10.2018, bls. 1).“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (*).

Hún kemur til framkvæmda 1. janúar 2019.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. maí 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.